

Síldarminjasafn Íslands ses.
Ársreikningur 2020

Síldarminjasafn Íslands ses.
Snorragata 10
580 Siglufjörður
Kt. 661006-1530

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið er sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur.

Aðalstarfsemi félagsins er að annast og reka Síldarminjasafn Íslands ásamt því að hafa umsjón með söfnun og tryggja eftir fóngum varðveislu menningarsögulegra minja, tengdum síldveiðum og iðnaði.

Rekstur ársins og framtíðarhorfur

Rekstrartekjur félagsins námu 63.162 þús. kr. á árinu 2020 og lækkuðu um 20.972 þús. kr. milli ára eða um 33,2%. Hagnaður félagsins á árinu 2020 nam 3.088 þús. kr. (Hagnaður 2019: 450 þús. kr.).


Eigið fé félagsins í árslok 2020 var 86.662 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi (2019: 83.574 þús. kr.). Ársverk á reikningsárinu voru 4.

Stjórn og framkvæmdastjóri Síldarminjasafns Íslands ses. hafa í dag rætt ársreikning safnsins fyrir árið 2020 og staðfest hann með undirritun sinni.

COVID-19 heimsfaraldurinn hefur haft veruleg áhrif á rekstur félagsins síðan hann skall á af fullum þunga á vormánuðum 2020. Samkomutakmarkanir og gríðarlegur samdráttur í komum ferðamanna urðu til þess að tekjur af aðgangseyri og minjagripasölu hrífóféllu. Til að bregðast við var farið í almennar hagræðingaraðgerðir, verkefnum frestað og laun lækkuð svo eitthvað sé nefnt. Hlutabótaleið stjórnvalda var nýtt í skamman tíma en með lagabreytingu sem gerð var og tók gildi þann 1. maí 2020 var girt fyrir þann möguleika sem og möguleika félagsins á tekjufalls-, lokunar-, og viðspyrnustyrkjum. Ástæðan er sú að gerð er krafa um fulla og ótakmarkaða skattskyldu þeirra sem slík úrræði sækja en samkvæmt lögum eru söfn undanþegin virðisauka og tekjuskatti af rekstrartekjum sínum. Þrátt fyrir óvissu um framþróun faraldursins og hve lengi hann muni vara er það mat stjórnenda að miðað við fjárhagsstöðu félagsins og þær aðgerðir sem gripið hefur verið til sé rekstur félagsins tryggður næstu tólf mánuðina hið minnsta og að ekki leiki vafi á rekstrarhæfi.

Siglufirði, 20. apríl 2021

Í stjórn safnsins:



Framkvæmdastjóri:



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Síldarminjasafns Íslands ses.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Síldarminjasafns Íslands ses. fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2020 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.


Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akureyri, 20. apríl 2021

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2020

		2020	2019
Rekstrartekjur			
Opinber framlög		11.100.000	10.000.000
Styrkir og gjafir		7.509.500	5.799.999
Tekjur af rekstri		12.559.060	43.483.723
Tekjur vegna verkefna		31.993.577	24.850.000
		<u>63.162.137</u>	<u>84.133.722</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	17.749.210	27.790.002
Rekstur fasteigna		5.690.928	6.003.230
Verkefnakostnaður		30.399.991	37.887.330
Annar rekstrarkostnaður		6.098.624	11.374.580
		<u>59.938.753</u>	<u>83.055.142</u>
Rekstrarhagnaður.....		3.223.384	1.078.580
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		2.080	1.002
Vaxtagjöld		(137.593)	(629.877)
		<u>(135.513)</u>	<u>(628.875)</u>
Rekstrarhagnaður ársins	5	<u>3.087.871</u>	<u>449.705</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

		2020	2019
Eignir			
Fasteignir		92.030.462	92.030.462
	Fastafjármunir 4	<u>92.030.462</u>	<u>92.030.462</u>
Vörubirgðir		5.103.783	5.306.667
Viðskiptakröfur		120.660	442.223
Skammtímaskröfur		200.418	6.600
Handbært fé		46.658	44.849
	Veltufjármunir	<u>5.471.519</u>	<u>5.800.339</u>
	Eignir samtals	<u>97.501.981</u>	<u>97.830.801</u>
Eigið fé			
Stofnfé		36.569.366	36.569.366
Annað eigið fé		13.715.000	13.715.000
Óráðstafað eigið fé		36.377.417	33.289.546
	Eigið fé 5	<u>86.661.783</u>	<u>83.573.912</u>
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir		5.514.796	5.498.261
Viðskiptaskuldir		225.402	2.178.902
Næsta árs afborganir langtímaskulda	6	0	1.218.811
Aðrar skammtímaskuldir		5.100.000	5.360.915
	Skammtímaskuldir	<u>10.840.198</u>	<u>14.256.889</u>
	Eigið fé og skuldir samtals	<u>97.501.981</u>	<u>97.830.801</u>

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður ársins	5	3.087.871	449.705
Veltufé frá rekstri		<u>3.087.871</u>	<u>449.705</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Birgðir, lækkun		202.884	233.900
Skammtímakröfur, lækkun		127.745	1.673.897
Skammtímaskuldir, lækkun		(2.214.415)	(862.410)
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>(1.883.786)</u>	<u>1.045.387</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>1.204.085</u>	<u>1.495.092</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímalána		(1.218.811)	(1.218.811)
Skammtímalán, breyting		16.535	(274.323)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(1.202.276)</u>	<u>(1.493.134)</u>
Breyting á handbæru fé		1.809	1.958
Handbært fé í ársbyrjun		<u>44.849</u>	<u>42.891</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>46.658</u></u>	<u><u>44.849</u></u>

Skýringar

1. Félagið

Síldarminjasafn Íslands ses. („Félagið“) er íslensk sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur. Lögheimili hennar er að Snorrargötu 10 á Siglufirði. Starfsemi stofnunarinnar felst í safnarekstri.

2. Reikningsskilaaðferðir

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning við afhendingu vörunnar. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónustan er innt af hendi.

c. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði. Engar afskriftir eru færðar.

d. Birgðir

Birgðir af aðkeyptum vörum eru metnar á síðasta innkaupsverði.

e. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2020	2019
Laun	25.636.250	33.292.072
Launatengd gjöld	5.611.116	7.101.213
Laun og launatengd gjöld samtals	31.247.366	40.393.285
Launakostnaður færður á verkefnakostnað	(13.498.156)	(12.603.283)
Laun og launatengd vegna rekstrar	17.749.210	27.790.002
Fjöldi ársverka á árinu	3,5	5,2

Laun framkvæmdastjóra námu 9.132 þús. kr. á árinu 2020 en námu 9.827 þús. kr. árið áður. Ekki var um sérstakar greiðslur vegna stjórnarlauna að ræða.

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:	Fasteignir
Bókfært verð 1.1.2020	92.030.462
Bókfært verð 31.12.2020	92.030.462

Fasteignamat og vátryggingaverð

Brunabótamat fasteigna nam í árslok 592.100 þús. kr., fasteignamat 125.400 þús. kr. og lóðarmat 23.496 þús. kr.

Skýringar, frh.:

5. Eigið fé

Stofnfé félagsins nam 36.569 þús. kr. í árslok 2020.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	Stofnfé	Annað eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2019	36.569.366	13.715.000	32.839.841	83.124.207
Hagnaður ársins			449.705	449.705
Eigið fé 31.12.2019	36.569.366	13.715.000	33.289.546	83.573.912
Hagnaður ársins			3.087.871	3.087.871
Eigið fé 31.12.2020	36.569.366	13.715.000	36.377.417	86.661.783

6. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:	2020	2019
Skuldir í íslenskum krónum:		
Óverðtrygð lán	0	1.218.811
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	0	1.218.811
Næsta árs afborganir	0	(1.218.811)
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals	0	0
Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:		
Árið 2020	0	1.218.811
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	0	1.218.811

7. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Tengdir aðilar eru stjórn, stjórnendur, lykilstarfsmenn, makar þeirra og börn á þeirra framfæri.

Viðskipti við lykilstjórnendur

Laun stjórnenda má sjá í skýringu nr. 3. Félagið átti engin viðskipti við stjórnendur á árinu.